

Reykjavík, 22. febrúar 2024

Fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Málefni: Beiðni fjármála- og efnahagsráðherra um endurskoðun ákvörðunar óbyggðanefndar um tilhögum málsmeðferðar á svæði 12, eyjar og sker.

Vísað er til bréfs fjármála- og efnahagsráðherra til óbyggðanefndar, dags. 16. febrúar 2024, þar sem þess er farið á leit við nefndina að hún endurskoði ákvörðun sína um að beita ekki heimild til þess að viðhafa viðbótarþrep í málsmeðferð á svæði 12, eyjum og skerjum, skv. 10. gr. a. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Þess er óskað að óbyggðanefnd falli frá núverandi málsmeðferð á svæði 12 og hefji nýja málsmeðferð á sama svæði með viðbótarþrepri skv. 10. gr. a. þjóðlendulaga. Í bréfinu segir að þar sem umrædd heimild hafi ekki verið nýtt hafi íslenska ríkinu „í raun verið sú eina leið fær að beita útlokunaraðferð við kröfugerð vegna umfangs svæðisins og takmarkaðra upplýsinga um hugsanleg eignarréttindi“. Þá segir að hefði heimildin verið nýtt hefði að mati fjármála- og efnahagsráðherra hugsanlega verið hægt að fækka ágreiningssvæðum til muna.

Forsaga málsins er sú að með bréfi dags. 19. apríl 2023 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt að óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka til meðferðar svæði 12, eyjar og sker, og ráðherra veittur frestur til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða. Í bréfinu var jafnframt tilkynnt að ákveðið hefði verið að nýta ekki heimild 10. gr. a. þjóðlendulaga um viðbótarþrep í málsmeðferð á svæðinu og ákvörðunin rökstudd. Sú ákvörðun var tekin að vandlega athuguðu máli eftir að leitað hafði verið afstöðu fjármála- og efnahagsráðherra og Þjóðskjalasafns Íslands. Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins var lagt til að heimild til að viðhafa viðbótarþrep skv. 10. gr. a. yrði nýtt með vísan til markmiða ákvæðisins. Í svari Þjóðskjalasafns Íslands kom fram að safnið teldi að viðbótarþrep myndi hafa óverulega þýðingu fyrir undirbúning og skilvirkni gagnaöflunar á svæði 12. Nefndin lagði síðan mat á málið og komst að þeirri niðurstöðu að viðbótarþrep væri ólíklegt til að ná markmiðum sínum þar sem það væri hvorki til þess fallið að gera gagnaöflun markvissari og stuðla þannig að því að áætlun um verklok óbyggðanefndar stæðist né að fækka þeim sem þyrftu að gerast aðilar að málum fyrir óbyggðanefnd. Þvert á móti taldi nefndin að viðbótarþrep kynni að leiða til þess að málsmeðferð á svæðinu tefnist, auk þess sem það væri líklegt til að reynast landeigendum meira íþyngjandi og kostnaðarsamara en hefðbundin málsmeðferð, svo sem nánar er rakið í fyrrnefndu bréfi til ráðherra, dags. 19. apríl 2023.

Upphaflega var fjármála- og efnahagsráðherra veittur frestur til 31. ágúst 2023 til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum um þjóðlendur á svæði 12, sbr. áðurnefnt bréf til ráðherra dags. 19. apríl 2023. Með bréfi dags. 28. ágúst 2023 óskaði lögmaður ríkisins, f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins, eftir viðbótarfresti til 1. desember 2023 til að lýsa kröfum. Í bréfinu kom fram að vinna lögmanni íslenska ríkisins við gerð kröfulýsingar á svæði 12 væri skammt á veg komin vegna umfangsmikillar heimildaleitar og yfirferðar heimilda. Óbyggðanefnd féllst á að veita umbeðinn viðbótarfrest. Með öðru bréfi, dags. 8. nóvember 2023, óskaði lögmaður ríkisins, f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins, eftir frekari fresti til 1. febrúar 2024 til að lýsa kröfum. Í bréfinu kom fram að gagnaöflun

og yfirferð lögmannna íslenska ríkisins hefði verið gríðarlega umfangsmikil og tekið lengri tíma en á öðrum svæðum. Þá kom fram að yfirferð og úrvinnslu helstu grundvallarheimilda væri lokið. Vegna umfangs þeirra, auk þess sem fyrir lægi að framsetning krafna á svæðinu yrði með öðrum hætti en venjulega, óskaði íslenska ríkið eftir viðbótarfresti til að vinna úr fyrilliggjandi heimildum og marka skýra stefnu í kröfugerð. Óbyggðanefnd félst á að veita umbeðinn viðbótarfrest. Með bréfi dags. 31. janúar 2024 óskaði lögmaður ríkisins, f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins, loks eftir viðbótarfresti til 2. febrúar 2024 til að lýsa kröfum og óbyggðanefnd samþykkti einnig að veita þann frest. Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæði 12, eyjum og skerjum, bárust óbyggðanefnd síðan 2. febrúar 2024.

Af framangreindum bréfaskiptum lögmanns ríkisins, f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins, og óbyggðanefndar verður ekki ráðið að íslenska ríkið hafi ekki talið sér fært að lýsa kröfum um þjóðlendur vegna umfangs svæðisins eða takmarkaðra upplýsinga um eignarréttindi. Þvert á móti kom fram að af hálfu ríkisins hefði verið ráðist í umfangsmikla gagnaöflun og að úrvinnslu grundvallarheimilda hefði verið lokið áður en kröfum íslenska ríkisins var lýst. Í kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins á svæði 12 er gerð grein fyrir þeim heimildum sem liggja kröfulýsingunni til grundvallar.

Málsmeðferð hjá óbyggðanefnd gengur í meginatriðum þannig fyrir sig eftir að kröfum íslenska ríkisins hefur verið lýst að þeim sem telja til eignarréttinda á svæðum sem ríkið hefur gert kröfu til er fyrst veittur kröfulýsingarfrestur skv. 2. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga og sá frestur hefur nú verið veittur til 15. maí 2024. Á því stigi mælist óbyggðanefnd einkum til þess að fram komi til hvaða svæðis kröfurnar taka og hvort gerð er krafa um beinan og/eða óbeinan eignarrétt, sbr. ábendingar á vefsíðu nefndarinnar um undirbúning málsaðila. Jafnframt fer af stað á vegum óbyggðanefndar rannsókn sem felur m.a. í sér umfangsmikla og kerfisbundna gagnaöflun í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og fulltrúar málsaðila fá ávallt afhent þau gögn sem þar koma fram. Eftir að kerfisbundið gagnaöflun lýkur fá málsaðilar fresti til að skila greinargerðum, fyrst íslenska ríkið og síðan gagnaðilar þess. Sú tilhögun þjónar þeim tilgangi að aðilar hafi færi á að tjá sig um öll framkomin gögn í greinargerðum og eftir atvikum taka mið af þeim. Eftir að óbyggðanefnd hefur rannsakað til hlítar sjónarmið aðila og öll framkomin gögn úrskurðar nefndin um kröfur málsaðila.

Óbyggðanefnd bendir á að skv. 1. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga hefur fjármála- og efnahagsráðherra forræði á kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálum og skv. 1. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga fer fjármála- og efnahagsráðherra með fyrirsvar fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu. Telji fjármála- og efnahagsráðherra að tilefni sé til að endurskoða kröfur ríkisins um þjóðlendur á svæði 12, eftir atvikum að framkomnum gagnkröfum eða undangenginni frekari gagnaöflun, er á forræði ráðherra að taka þær til endurskoðunar á hvaða stigi máls sem er. Þá er einnig bent á að skv. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga skal óbyggðanefnd leita sáttá með aðilum, en slíkar sáttamleitanir fara fram eftir að heildarkröfur eru komnar fram.

Ef fallið yrði frá þeirri málsmeðferð á svæði 12 sem hófst með bréfi óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra dags. 19. apríl 2023 og hafin ný málsmeðferð á sama svæði með viðbótarþrep skv. 10. gr. a. þjóðlendulaga myndi slíkt viðbótarþrep að öllum líkindum einkum skila sambærilegum upplýsingum og sá kröfulýsingarfrestur sem nú hefur verið veittur.

Jafnframt er ljóst að málsmeðferð myndi tefjast umtalsvert. Lagaákvæðið þar sem viðbótarþrep er heimilað felur í sér að óbyggðanefnd skori á alla sem kalla til eignarréttinda á svæði 12 að lýsa réttindum sínum fyrir nefndinni innan tiltekins frests, sem skal að lágmarki vera þrír mánuðir. Að því búnu er gert ráð fyrir að nefndin veiti fjármála- og efnahagsráðherra frest til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu, sem skal að lágmarki vera þrír mánuðir, sbr. 1. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Loks veiti nefndin þeim sem telji til eignarréttinda eða annarra réttinda á þeim svæðum sem ríkið gerir kröfur til frest til að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni og sá frestur skal einnig að lágmarki vera þrír mánuðir, sbr. 2. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Að teknu tilliti til lögbundinna lágmarksfresta er því ljóst að málsmeðferð á svæði 12 myndi tefjast um að lágmarki sex til níu mánuði ef fallist væri á beiðni fjármála- og efnahagsráðherra. Í því sambandi má einnig benda á að bæði fjármála- og efnahagsráðherra og öðrum hafa iðulega verið veittir viðbótarfrestir til viðbótar við lögbundna lágmarksfresti til að lýsa kröfum samkvæmt beiðnum aðila.

Vegna umfangs og eðlis þjóðlendumála er málsmeðferðartími að jafnaði nokkuð langur, sem skýrist einkum af umfangsmikilli kerfisbundinni gagnaöflun og ítarlegri rannsókn nefndarinnar. Að mati nefndarinnar er þýðingarmikið að málsmeðferðin tefjist ekki umfram hefðbundinn málsmeðferðartíma nema brýna nauðsyn beri til, einkum í ljósi þess að til úrlausnar eru mikilvægir hagsmunir hugsanlegra rétthafa.

Að teknu tilliti til alls framangreinds fellst óbyggðanefnd ekki á beiðni fjármála- og efnahagsráðherra um að nefndin falli frá núverandi málsmeðferð á svæði 12 og hefji nýja málsmeðferð á sama svæði með viðbótarþreið skv. 10. gr. a. þjóðlendulaga, enda væri slíkt að mati nefndarinnar ekki til þess fallið að einfalda málsmeðferðina gagnvart hugsanlegum rétthöfum á svæði 12.

Virðingarfyllst, f.h. óbyggðanefndar



Sigmar Aron Ómarsson, framkvæmdastjóri

Afrit: Edda Andradóttir, lögmaður íslenska ríkisins.